

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfoss

Reykjavík 12. febrúar 2021
UST202001-038/R.K.
08.12.01

Tilkynning um ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu á starfsleyfi fyrir landeldi Laxa Fiskeldi ehf., Fiskalóni í Ölfusi.

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Laxa Fiskeldi ehf. vegna stækkunar landeldis í að Fiskalóni í Ölfusi.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstraraðila þar sem hámark lífmassa má ekki fara yfir 100 tonn á hverjum tíma og árs framleiðsla 100 tonn.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 12. febrúar 2037.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess. Umhverfisstofnun sendir hér með Matvælastofnun starfsleyfið sbr. 4. gr. a laga nr. 71/2008 um fiskeldi og skal afhent og birt umsækjanda.

Virðingarfyllst

Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson
sviðsstjóri